

Fundargerð 412. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2019, miðvikudaginn 10. apríl kl. 13:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundur í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Hrund Karlsdóttir, Björn Arnaldsson, Lúðvík Geirsson, Ólafur Þór Snorrason og Guðmundur M Kristjánsson. Í fjarfundarsambandi voru Eydís Ásbjörnsdóttir, Hanna Björg Konráðsdóttir og Pétur Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttur, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2019 - 1901002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 411. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 22. mars 2019.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Siglingasvið Vegagerðarinnar og tengsl við hafnir - 1903004HA

Bergþóra Þorkeldsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, og Jónas Snæbjörnsson framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni, komu inn á fundinn undir þessum lið til að ræða þjónustu stofnunarinnar við hafnir landsins. Innan stofnunarinnar eru fyrirhugaðar töluverðar skipulagsbreytingar sem ekki er búið að útfæra endanlega en þó er ákveðið að leggja siglingasvið niður í núverandi mynd og færa það undir mannvirkjasvið. Fram kom að gríðarlegt magn af gögnum er til um hafnir hjá Vegagerðinni sem þarf að ganga frá til að tryggja vistun og aðgengi. Fulltrúar hafnasambandsins lögðu áherslu á mikilvægi þess að rannsóknarþátturinn, frumdragavinna og rannsóknir m.a. á öldufari sé áfram hjá Vegagerðinni.

Stjórn hafnasambandsins samþykkir að tilnefna Lúðvík Geirsson og Guðmund Kristjánsson sem tengiliði hafnasambandsins við Vegagerðina. Jónas Snæbjörnsson mun um sinn vera megin tengiliður Vegagerðarinnar við hafnir landsins.

3. Starfshópur til að vinna að heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum - 1810026SA

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttur, lögfræðing Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúi sambandsins í starfshópi sem vinnur að heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum, gerði grein fyrir starfi starfshópsins. Rætt var um umhverfismatsferlið, tengsl við hafnir og hvernig fulltrúa hafnanna sjá fyrir sér breytingar á lögnum til að auka skilvirkni. Formaður sagði frá fundi sem hann, Jón Þorvaldsson og Björn Arnaldsson áttu með starfshópnum til að koma sjónarmiðum hafnasambandsins á framfæri.

Stjórn hafnasambandsins þakkar Vigdís fyrir kynninguna og er starfsmanni falið að senda út póst á allar aðildarhafnir og óska eftir ábendingum frá aðildarhöfnum um

hluti sem þarf að hafa í huga við þessa heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Vigdísi Ósk Häsler Sveinsdóttir vék af fundi kl. 14:15.

Guðný Hrund Karlsdóttir vék af fundi kl. 14:20.

4. Hafnafundur 2019 - 1901003HA

Formaður fræðslunefndar kynnti drög að dagskrá hafnafundar.

Samþykkt að færa hafnafundinn til 27. september 2019 svo fundurinn skarist ekki á við Alþjóðlega siglingadaginn sem Siglingaráð heldur 26. september. Starfsmanni falið að vinna málið áfram og senda bréf á hafnir þar sem boðað er til hafnafundar.

5. Vorfundur 2019 - 1904001HA

Rætt um fyrirhugaðan vorfund hafnasambandsins sem verður haldinn á sunnanverðum Vestfjörðum 15. og 16. maí nk.

Fundi var slitið kl. 14:35

Gísli Gíslason

Guðný Hrund Karlsdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Valur Rafn Halldórsson